



Verð íslenskra sjávarafurða heldur áfram að gefa eftir


Verð íslenskra sjávarafurða mælt í erlendra mynt lækkaði um 1,9% á fyrsta fjórðungi ársins borið saman við fjórðunginn á undan. Þetta er fjórða skiptið í röð sem verð sjávarafurða lækkar milli samliggjandi fjórðunga.

Fara þarf um tvö ár aftur í tímann, eða til til fjórða ársfjórðungs 2018, til að finna lægra verð á sjávarafurðum. Verð sjávarafurða náði hámarki á fyrsta fjórðungi síðasta árs, eða rétt áður en faraldurinn skall á af fullum þunga. Síðan hefur verðið lækkað um tæplega 9%. Á þessu tímabili hefur verð botnfisksafurða lækkað um 9,8% en um 3,4% á uppsjávarafurðum. Það sem hefur þó unnið með tekjustreymi íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja á þessu tímabili er að krónan var 7,3% veikari á fyrsta fjórðungi í ár en á sama tímabili í fyrra. Samanlögð áhrif veikingar krónunnar og lækkunar afurðaverðs milli þessara tímabila á tekjur sjávarútvegsins eru þó neikvæð um 2,1%.


Lækkunarhrinin hófst þegar faraldurinn braust út

Þessi verðlækkunarhrinin hófst á öðrum fjórðungi síðasta árs. Þá lækkaði verðið töluvert mikið, eða um 5,2%, og má rekja þá lækkun til þeirra aðstæðna sem komu upp vegna faraldursins, s.s. þrýstings kaupenda á verðlækkanir. Lækkunin á þeim fjórðungi var sú mesta í mælingum Hagstofunnar en tölur hennar ná aftur til ársins 2010. Næstmesta lækkunin var á fjórða ársfjórðungi 2012, 5%. Síðan á öðrum fjórðungi síðasta árs hafa lækkanirnar verið töluvert minni og hafa legið á bilinu 1,4-1,9%. Lækkanir síðustu fjórðunga skýrast þó ýmist af lækkun á annars vegar botnfiski og hins vegar uppsjávarfiski. Á öðrum fjórðungi á síðasta ári var lækkunin mest afdráttarlaus en þá lækkaði verð bæði á botnfiski og uppsjávarfiski. Á síðustu fjórðungum hefur það hins vegar verið þannig að ef verð á uppsjávarfiski hefur hækkað hefur verð á botnfiski lækkað og svo öfugt. Heildaráhrifin hafa þó verið til lækkunar.

Verð íslenskra sjávarafurða



Verðbreyting sjávarafurða



Breyting frá síðasta fjórðungi á undan mælt í erlendra mynt.
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild




Heimsmarksverð matvæla hefur hækkað mikið en kjöt og íslenskur botnfiskur hefur setið eftir

Heimsmarkaðsverð matvæla lækkaði verulega þegar faraldurinn braust út. Þannig lækkaði það um tæplega 7% á milli fyrsta og annars ársfjórðungs í fyrra. Það byrjaði síðan að hækka aftur á þriðja fjórðungi og er nú orðið rúmlega fimmtungi hærra en það var áður en faraldurinn braust út.

Heimsmarkaðsverð á kjöti lækkaði einnig verulega á öðrum fjórðungi og hélt áfram að lækka á þeim þriðja. Síðan hefur það hækkað en var á fyrsta fjórðungi þessa árs enn 3% lægra en fyrir faraldur. Botnfiskur frá Íslandi hefur lækkað nærri því stöðugt frá og með öðrum fjórðungi síðasta árs. Fyrir utan örlitla hækkun á fjórða fjórðungi hefur verðið lækkað að meðaltali um 3,5% milli fjórðunga. Verð á botnfiski er tæplega 10% lægra en það var fyrir faraldurinn.

Verð íslensks botnfisks og heimsmarkaðsverð kjöts



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfræðideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.